

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps vegna nýs verslunar- og þjónustusvæðis og íþróttasvæðis við Minni-Borg í Grímsnesi.

Skipulagsstofnun staðfesti 29. apríl 2024 breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032 sem samþykkt var í sveitarstjórn 18. desember 2023.

Í breytingunni felst að skilgreint er um 3 ha verslunar- og þjónustusvæði (VP20) fyrir gistiþjónustu með allt að 120 gistirúmum og íþróttasvæði ÍP5 (golfvöllur) minnkar samsvarandi. Þá er skilgreint um 4,6 ha íþróttasvæði (ÍP6) fyrir hesthús og reiðhöll og landbúnaðarsvæði (L3) minnkar sem því nemur.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 29. apríl 2024.

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfudagur: 15. maí 2024